


Verkalýðsfélag Akraness

Kynningarfundur

-vegna kjarasamnings við
Samband íslenskra sveitarfélaga

17. júlí 2014



Samningaviðræður

- Fyrri samningur rann út þann 1. maí
- Takmarkaðar viðæður áttu sér stað
 - Ítarleg kröfugerð var lögð fram af hálfu samninganefndar VLFA, en lítið var um efnisleg svör.
- Deilunni vísað til ríkissáttasemjara 24. júní
- Fundur hjá ríkissáttasemjara 1. júlí
 - Drög að nýjum samningi lögð fram.
- Fundað með forsvarsmönnum Akraneskaupstaðar þann 2. júlí vegna sérákvæða
- Skrifað undir nýjan samning 11. júlí

Helstu atriði nýs samnings

- Gildistími samnings: 1. maí 2014 til 30. apríl 2015
- Launabreytingar eru tvíþættar
 - Breytingar á launatöflu í tveimur skrefum
 - 1. maí 2014 (afurvirkt)
 - 1. janúar 2015
 - Breytingar á tengitöflu frá 1. maí 2014
 - Segir til um það hvernig einstök starfsheiti raðast inn í launatöflu
- Frá 1. maí verða lágmarkalaun kr. 229.549
- Meðaltalshækkun á samningstímanum er um 9%

Helstu atriði nýs samnings

- Desemberuppbót 2014 verður kr. 93.500
 - Hækkun um kr. 12.800 eða 15,9%
- Framlag í starfsmenntasjóð hækkar um 0,1%
 - Verður eftir hækkun 0,82% (framlag launagr.)
- Atvinnurekendum verður gert skylt að gera ráðningarsamning við starfsfólk
 - Ef ekki, getur það varðað skaðabótum
- Heimilt er að safna allt að 10 frídögum á ári vegna yfirvinnu
 - Yfirvinnutímarnir eru þá teknir út í fríi en yfirvinnu-álagið skal greitt við næstu reglulegu útborgun.

Helstu atriði nýs samnings

- Ýmis sérákvæði fyrir starfsmenn Akraneskaupstaðar:
 - Sumaruppbót að upphæð kr. 26.585 fyrir alla starfsmenn Akraneskaupstaðar. Miðað við fullt starf á ársgrundvelli
 - Þeir sem hafa hvað lengstan starfsaldur hjá Akraneskaupstað svokallaða sérstaka júníuppbót sem er 6% af launum júnímánaðar ár hvert.
 - Verður leiðrétt fjögur ár aftur í tímann fyrir þá sem átt hafa rétt á þessari uppbót á þeim tíma.

Starfsmat

Nokkur dæmi um breytingar

A series of horizontal lines in shades of teal and white, extending from the right side of the slide towards the center.

Aðrir starfahópar

- Þetta voru helstu starfahópar innan VLFA
- Samningurinn er nokkuð flókinn þar sem flestir eru að flytjast til í launatöflunni og hækka um nokkra launaflokka.
- Finni félagsmenn sig ekki í dæmunum hér að framan geta þeir óskað eftir nákvæmum upplýsingum um áhrif nýs samnings á kjör þeirra og veitir formaður félagsins fúslega þær upplýsingar á skrifstofu félagsins.

Afturvirkni

- Samningurinn gildir frá 1. maí 2014
 - Verði hann samþykktur, verða laun lagfærð aftur í tímann (væntanlega þrjár mánuðir: maí, júní og júlí)
 - Leiðréttingin greidd út í einu lagi með næstu útborgun auk þess sem sumaruppbótin kemur til greiðslu kr. 26.585,-
- Fyrir starfsmann í 100% starfi með 6% persónuuppbót þýðir þetta eingreiðslu sem er mismunandi há eftir launaflokkum:
 - Ófaglærður starfsmaður í leikskóla: kr. 64.604
 - Skólaliði II /Aðstoðarmatráður: kr. 66.317
 - Matráður IV : kr. 67.412
 - Sundlaugarvörður: 69.830
 - Sundlaugarvörður II (með vaktstjórn): kr. 81.572
 - Stuðningsfulltrúi í grunnskóla I: kr. 80.963
 - Heimþjónusta II: kr. 77.096

Meira en 2,8%

- Þessi samningur er umtalsvert betri en samið var um á hinum almenna vinnumarkaði í desember á síðasta ári.
 - Þar var samið um 2,8% eða kr. 9.750
 - Í þessum samningi munu starfsmenn hækka um tæpar 20.000 krónur á mánuði á samningstímanum.
- Það er einnig mikilvægt að átta sig á því að þessi samningur gildir aðeins í eitt ár og rennur út þann 30. apríl á næsta ári.
 - Það er ljóst að nýta þarf tímann vel, því mikilvægt er að lagfæra kjör starfsfólk sveitarfélaganna enn frekar.
- Formaður hvetur félagsmenn til að samþykkja þennan samning, enda er innihald hans eins og áður sagði ívið meira en aðrir hafa náð að semja um.

Póstatkvæðagreiðsla

- **Um samninginn verður kosið með póstatkvæðagreiðslu.**
- **Kjörgögn** voru póstlögð á þriðjudag og ættu því að hafa borist í dag, í síðasta lagi á morgun.
- Berist kjörgögn ekki í vikunni til félagsmanns sem telur sig hafa atkvæðsrétt um samninginn, er viðkomandi félagsmanni bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins strax eftir helgi svo hægt sé að bregðast við því.

Póstatkvæðagreiðsla

- **Atkvæðagreiðslu lýkur mánudaginn 28. júlí kl. 14:00** og þurfa atkvæðaseðlar að hafa borist kjörstjórn félagsins, Sunnubraut 13, 300 Akranesi fyrir þann tíma.
- Póststimpill gildir ekki og eru félagsmenn því beðnir um að koma kjörseðli tímanlega í póst
 - Umslag sem setja má ófrímerkt í póst fylgdi með kjörgögnum.
 - Einnig hægt að koma með umslagið á Sunnubrautina eða láta það inn um póstlúgu bakdyramegin utan skrifstofutíma.

Tökum afstöðu - Greiðum atkvæði

- Félagsmenn eru hvattir til að taka afstöðu og skila atkvæðaseðli fyrir tilskildan tíma.
- Takk fyrir áheyrnina